

95% Seltirninga ánægð með bæinn

Eftir Ásgerði
Halldórsdóttur

Á Seltjarnarnesi eru 95% íbúa ánægð með búsetuskilyrði bæjarfélagsins, samkvæmt árlegri þjónustukönnun sem Capacent gerir meðal sveitarfélaga. Bærinn fær einkunnina 4,5 af 5 mögulegum og er með aðra hæstu einkunn af öllum sveitarfélögum í land-



Ásgerður
Halldórsdóttir

er bærinn með aðra hæstu einkunnina af sveitarfélögum í landinu. Í þjónustu við fatlaða þykir aðeins eitt sveitarfélag á landinu standa framar Seltjarnarnesi.

Seltjarnarnes skorar hæst á landsvísi í þjónustu við aldraða. Bærinn hefur kappkostað að skipuleggja nærþjónustu við aldraða í samráði við eldri borgara. Markmiðið er að aldradír eigi þess kost að

búa sem lengst á eigin heimili og er það í samræmi við yfirlýsta stefnu félagsamtaka eldri borgara.

Gott samstarf, betra samfélag

Bæjarstjórn og starfsmenn bæjarfélagsins leggja sig fram um að hlusta eftir hvaða þjónusta skiptir máli fyrir bæjarbúa. Að baki þeirri aðferðafræði liggur sú sannfæring okkar að samstarfið skili sér í betra samfélagi og hagkvæmari rekstri.

Börnin eru framtíðin og það skiptir okkur sérstaklega miklu máli að vel takist til með skólastigin sem eru á ábyrgð sveitarfélagsins.

Um 89% íbúa Seltjarnarness eru ánægð með leik- og grunnskóla bæjarins og erum við þar í 2. sæti meðal sveitarfélaga landsins.

Seltjarnarnesbær leggur áherslu á að Nesið verði áfram leiðandi í skóla-, æskulýðs- og íþróttastarfi á landsvísi, þar sem lögð er áhersla á jöfn tækifæri, árangur og vellíðan.

Höfundur er bæjarstjóri Seltjarnarness.

» Niðurstaðan undir- strikar jákvætt við- horf bæjarbúa til sam- félagsþjónustunnar.

inu. Niðurstaðan undirstrikar jákvætt viðhorf bæjarbúa til samfélagsþjónustunnar og er okkur hvatning að halda áfram á sömu braut.

Þjónusta við barnafjölskyldur skorar hátt. Seltjarnarnesbær fær 4,2 af 5 mögulegum þegar spurt er um þjónustu við barnafjölskyldur. Bærinn er þar í fyrsta sæti af öllum sveitarfélögum landsins. Samkvæmt könnuninni er um 91% bæjarbúa mjög ánægt með aðstöðu til íþróttaiðkunar og er Seltjarnarnesbær þar í öðru sæti á landsvísi.

Menningarmál og umhverfismál fá góða umsögn bæjarbúa. Í menningarmálum fær bærinn 4,0 af 5 mögulegum og er með hæstu einkunnina af sveitarfélögum í landinu. Umhverfismálin skora 4,3 af 5 mögulegum og